

## Stjórnarfundur 5. janúar 2022

Teams

### Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Sigurður Ingi Jónsson
- Mörður Áslaugarsson
- Guðmundur Tryggvi Ólafsson
- Sigurveig Helga Jónsdóttir
- Bjarki Þór Kjartansson

Fastir liðir á framtíðar fundum stjórnar verða umræður um D-leyfis umsóknir, mál félagsmanna okkar hjá/við STÍ og ÍSÍ og einnig mun stjórnin ræða hluti tengda endurbótum á húsnæði þar til framkvæmdum er lokið.

### Dagskrá fundarins:

1. Aðalfundur félagsins
2. Viðbrögð vegna Covid-19
3. Staða lagabreytinga félagsins
4. Komið til móts við keppnisfólk félagsins
5. Fastir liðir
  - a. D-Leyfis umsóknir
  - b. Mál félagsmanna hjá STÍ
  - c. Endurbætur á húsnæði
6. Önnur mál

### 1. Aðalfundur félagsins

Ákveðið var einróma að aðalfundur félagsins yrði haldinn þann 23. Febrúar næstkomandi klukkan 19:30 í húsnæði félagsins. Fundarboð verður auglýst á vef okkar <https://skotkop.is> og á Facebook, ásamt því að auglýsing verður birt í Morgunblaðinu og Dagblaðinu Vísi, eigi síðar en 23. Janúar.

Ritari stjórnar mun hafa samband við skotstjóra félagsins og óska eftir því að fá upplistuð öll afrek félagsmanna í þeirra greinum á seinasta ári til þess að setja í ársskýrslu stjórnar, eigi síðar en fyrir næsta fund stjórnar, 2. febrúar næstkomandi.

Vinna er hafin við skýrslu stjórnar fyrir árið 2021.

### 2. Viðbrögð vegna Covid-19

Æfingar félagsins munu hefjast aftur þann 10. Janúar eins og ákveðið hefur verið, en stjórn er sammála um að mikið þurfi að leggja uppúr sóttvörnum.

Grímuskylda mun gilda í húsnæði þar sem ekki er hægt að tryggja 2 metra fjarlægð.

Stjórn mun biðla til þeirra sem hafa tók á því að mæta fyrir utan skipulagðan æfingatíma að gera það eins og þeir geta.

### 3. Staða lagabreytinga félagsins

Stjórn mun fara yfir lög félagsins með hliðsjón af breytingum á lagaumhverfi Félaga til Almannaheilla ([1030/151](#)).

Lagabreytingartillögur er varða brot á öryggis og agareglum félagsins eru enn í vinnslu hjá lögmanni, stefnum á að það verði tilbúið svo hægt verði að auglýsa breytingarnar með fundarboði á aðalfund félagsins.

Einnig er í höndum lögmanns að renna yfir lög félagsins og sjá hvort eitthvað þar mætti vera skýrara eða ef þörf er á frekari breytingum.

### 4. Komið til móts við keppnisfólk félagsins

Erindi þess efnis að hægt sé að styðja betur við okkar fremsta keppnisfólk barst stjórn og vill stjórnin skoða það frekar hvernig hægt er að koma betur til móts við keppendur.

Stjórn félagsins stakk upp á því að stofnuð yrði sérstök nefnd um málið, en tveir stjórnarmenn ætla að finna sér liðsauka til þess að koma með tillögur og leggja undir stjórn félagsins fyrir næsta stjórnarfund félagsins.

## 5. Fastir Liðir

Ein umsókn liggur fyrir um D-Leyfi.

Engin mál félagsmanna liggja fyrir hjá STÍ.

Endurbætur á húsnæði frestast fram á sumar, við erum að vinna í að skipta út gildrunni í púðursal í millitíðinni.

## 6. Önnur mál

Umræða myndaðist á fundinum um að fastsetja æfingartíma félagsins og sumar/jóla frí á æfingum. Ritari mun bera þetta undir skotstjóra félagsins og koma með tillögu um dagsetningar og bera þær upp á aðalfundi félagsins.

Umræða myndaðist á fundinum um hvenær við ættum að skylda iðkendur til þess að skrá sig í félagið, en hugmyndin kom upp um að hafa gjaldskyldu eftir 3 heimsóknir í félagið. Þetta fannst stjórn hljóma vel og mun bera þetta upp á aðalfundi félagsins.

Umræða myndaðist um gildrurnar í loftsalnum, en þær eru ekki að telja rétt. Samþykki var fyrir því að leita tilboða fyrir því að uppfæra búnaðinn og fjölga stafrænum brautum í 10.

Stjórn mun á næstu dögum setja fram tilkynningu vegna framkvæmda í húsnæði félagsins og það að æfingar hefjist aftur þann 10. Janúar og biðla til félagsmanna að vanda sóttvarnar reglur.

Mál sem hafa komið upp á síðasta ári en ekki kláruð:

- Heyra í aðilum sem gætu komið inn sem þjálfarar tímabundið
  - Hefur lítið verið aðhafst vegna Covid-19
- Heyra í STÍ og vinna einhverjar reglur með að skylda iðkendur til þess að framvísa réttindum á skotvopn (6. okt 2021)
  - Skotstjóri hefur allt vald til þess að tryggja öryggi á æfingarstað svo það er ekki þörf fyrir því að breyta reglum.
- Skápaleigusamningur (2. júní 2021)
  - Þetta hefur ekki verið klárað, verður ekki lagt mikla áherslu á að klára fyrir aðalfund, en verður kynnt þegar er tilbúið.